



21. Miðstjórnarfundur RSÍ haldinn föstudaginn 11. maí 2001

Dagskrá:

1. Fundargerð sambandsstjórnarfundar.
2. Staðfesting kjarasamninga - Ratsjárstofnun og Norðurál.
3. Staða viðræðna við Félag stórkaupmanna.
4. Orlofs og desemberuppbót hjá Landsímanum.
5. Skipulagsmál ASÍ.
6. Lagabreytingar aðildarféлага.
7. Þátttaka RSÍ á ársfundi IBTF 4. til 6. sept. í Kaupm.h.
8. Framkvæmdaskuldir í Ljósheimum.
9. Önnur mál.

Fundur settur kl. 15:00

1. Fundargerð Sambandsstjórnarfundar

Gerð var athugasemd við fundargerð sambandsstjórnarfundar. Í kaflanum um lífeyrismál leiðréttist setningin *Fundurinn hvatti okkar stjórnarmenn til að halda þessu starfi áfram í Fundurinn heimilar stjórnarmönnum að halda þessu starfi áfram.*

2. Staðfesting kjarasamninga - Ratsjárstofnun og Norðurál

Kjarasamningur við Ratsjárstofnun ásamt yfirlýsingu lagður fram til kynningar, þar sem atkvæðagreiðsla hefur ekki farið fram var hann ekki afgreiddur.

Kjarasamningur við Norðurál lagður fram og staðfestur en hann hefur verið samþykktur í atkvæðagreiðslu.

Samningur RSÍ og SA vegna hækkunar á orlofs- og desemberuppbót lagður fram og samþykktur.

3. Staða viðræðna við Félag stórkaupmanna

Nú stefnir í uppsögn launaliðar vegna samningsins við Félag stórkaupmanna, þar sem þeir telja sig ekki bundna af úrskurði launanefndar.

4. Orlofs- og desemberuppbót hjá Landsímanum

Þar sem stutt er síðan gengið var frá samningum við Landsímenn eru ekki forsendur til breytinga í samræmi við úrskurð launanefndar nú.

5. Skipulagsmál ASÍ

Lagt var fram minnisblað frá ASÍ, þar sem deilu RSÍ /FÍS er lýst og sendi ASÍ frá sér tillögu að samkomulagi.

6. Lagabreytingar aðildarféлага

Félögin á Suðurlandi og Suðurnesjum samþykktu lagabreytingar á síðasta aðalfundi sínum. Nýja lagagreinin hjóðar svo:

„Heimilt er að veita inngöngu í félagið þeim sem eiga rétt á inngöngu í önnur félög rafiðnaðarmanna innan RSÍ, enda séu þeir búsettir á félagssvæðinu.“

Miðstjórn staðfesti breytinguna með þeirri túlkun að félagsmaður geti valið sér félag, m.ö.o. rafeindavirki geti t.d. valið hvort hann sé í Félagi rafeindavirkja, sem er landsfélag, eða ef hann er búsettur t.d. á Suðurlandi geti verið í Félagi rafiðnaðarmanna á Suðurlandi.

7. Þátttaka RSÍ á ársfundi IBTF 4. til 6. sept. í Kaupm.h.

Ákveðið að senda 3 þátttakendur.

8. Framkvæmdaskuldir í Ljósheimum

Lagt var fram yfirlit yfir skuldastöðu íbúða RSÍ í Ljósheimum við húsfélagið. Fram kom að hægt er að greiða þær upp. Fjármálastjórn falið að meta og ganga frá á hagkvæmasta hátt.

9. Önnur mál

Lagðar voru fram tillögur orlofsnefndar um hækkanir á leigu í orlofskerfinu næsta vetur.

Tillagan var samþykkt fyrir utan að leiguverð íbúða verði 14.000,00

Lögð fram kostnaðaráætlun vegna uppbyggingar á Úteyjavegi, að Apavatni. Samþykkt að taka þátt.

Í umræðum um orlofsmál kom fram að töluverðar endurbætur verði að gera á húsinu í Vaglaskógi ef það á að vera sambærilegt öðrum RSÍ húsum.

Þar sem leigutími hússins er lítil hluti ársins vegna samgönguörðugleika var ákveðið að fara ekki í stórkostlegar breytingar.

Nýtt taxtablað þar sem bætt hefur verið við flokkum lagt fram til kynningar.

Yfirlit yfir endurgreidd félagsgjöld árið 2000 kynnt.

Bréf frá samgönguráðherra vegna hlutafjárkaupa starfsmanna Landsímans lagt fram.

Árskýrsla Lífiðnar kynnt.

Lagðar fram hugmyndir að ýmsum kynningum á RSÍ.

Fundi slitið kl. 17:30,

Haukur Ágústsson.